



Ísafjarðarbær
Bt. félagsmálastjóra
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði



Reykjavík, 29. mars 2019

Efni: Áskorun til sveitarfélaga um að fara eftir ákvæðum reglugerðar nr. 1250/2018 um framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar

Með lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir var lögfestur réttur fatlaðs fólks til notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA), sbr. 11. gr. laganna. Samhliða gildistöku laganna birti Velferðarráðuneytið, nú Félagsmálaráðuneytið, reglugerð nr. 1250/2018 um NPA. Með lögfestingu lauk því innleiðingartímabilini NPA, sem hefur staðið frá árinu 2012.

Tilgangurinn með innleiðingartímabilinu var m.a. að þroa leiðir til þess að útfæra þjónustuna og gefa sveitarfélögum, notendum og NPA aðstoðarfólk, tækifæri til að móta framtíð þessa mikilvæga nýja þjónustuforms. Framkvæmd þjónustunnar hefur þannig þróast með ólíkum hætti hjá sveitarfélögum þar sem ólíkar leiðir og viðmið í þjónustunni hafa verið prófaðar. Í mörgum tilfellum hafa útfærslur þjónustunnar verið mjög ólíkar milli sveitarfélaga. NPA miðstöðin hefur á undanförnum árum átt í góðu samstarfi við sveitarfélög á öllu landinu varðandi framkvæmdina á NPA og haft umsýslu með NPA samningum hjá tíu ólíkum þjónustusvæðum. Miðstöðin hefur því haft góða yfirsýn yfir þær ólíku leiðir sem sveitarfélög hafa farið varðandi NPA.

Nú þegar þjónustan hefur verið lögfest er hins vegar ljóst að mörg sveitarfélög þurfa að vinda ofan af þeirri framkvæmd sem tilkast hefur og öll sveitarfélög þurfa að aðlaga framkvæmdina að gildandi lögum og reglugerð um NPA. Þrátt fyrir að sveitarfélög hafi enn svigrúm til þess að setja sér reglur um NPA felur NPA reglugerðin í sér nokkur ófrávirkjanleg skilyrði og viðmið sem mikilvægt er að sveitarfélög tileinki sér nú þegar varðandi útfærslur og framkvæmd NPA.

Með bréfi þessu vill NPA miðstöðin koma á framfæri helstu atriðum sem skort hefur samræmi á meðal sveitarfélaga varðandi framkvæmd NPA og reglugerðin tekur á. NPA miðstöðin skorar jafnframta að sveitarfélög að bregðast strax við og aðlaga sig að ákvæðum reglugerðarinnar. Rétt er að halda því til haga að bréfið er sent til allra sveitarfélaga sem NPA miðstöðin hefur verið í samstarfi við og kann þannig að eiga misjafnlega við einstök sveitarfélög. Bréfið verður jafnframta sent Sambandi Íslenskra sveitarfélaga og Félagsmálaráðuneytinu til upplýsinga. Þá verður bréfið einnig birt opinberlega.

Á lokasíðu bréfsins má finna samantektarblað yfir kröfur NPA miðstöðvarinnar auk tilvísana.

1. Framlag til launakostnaðar skal taka mið af ákvæðum kjarasamninga NPA aðstoðarfólk
Frá upphafi innleiðingar NPA hafa framlög sveitarfélaga til NPA samninga grundvallast á svonefndum jafnaðartaxta, sem hefur átt að endurspeglar heildarkostnað við hverja klukkustund að meðaltali fyrir

þjónustu samkvæmt NPA samningnum. Til að byrja með gaf verkefnisstjórn um NPA út þennan jafnaðartaxta, en undir lok árs 2015 tilkynnti verkefnisstjórnin að hún myndi hætta að gefa taxtann út og beindi þeim fyrirmælum til sveitarfélaga að miða greiðslur við ákvæði kjarasamninga.

Síðan verkefnisstjórnin hætti að gefa jafnaðartaxtann út hafa sveitarfélög reiknað út sína eigin taxta. Þróunin hefur svo orðið sú að um mitt síðasta ár var ekkert sveitarfélög á landinu, sem NPA miðstöðin hefur verið í samstarfi við, að notast við sama taxtann og í mörgum tilfellum hefur verið umtalsverður munur. Jafnaðartaxtar sveitarfélaga áttu það þó allir sameiginlegt að standa ekki undir kjarasamningsbundnum greiðslum til NPA aðstoðarfólks í blandaðri vaktavinnu.

NPA miðstöðin hefur lagt umtalsverða vinnu í að reikna út réttan jafnaðartaxta NPA samninga út frá kjarasamningi NPA aðstoðarfólks, þ.e. sérkjarasamningi NPA miðstöðvarinnar við Eflingu/SGS. Síðastliðið sumar og haust kynnti miðstöðin niðurstöður sínar fyrir sveitarfélögum með minnisblaði um útreikninga sína. Jafnframt skorði miðstöðin á sveitarfélög að leggja fram eigin útreikninga og rökstuðning fyrir sínum jafnaðartöxtum, ellegar aðlaga sína taxta að útreikningum NPA miðstöðvarinnar. Nokkur sveitarfélög hafa í kjölfarið brugðist við minnisblaðinu og uppfært sína taxta til samræmis við útreikninga NPA miðstöðvarinnar.

Eftir lögfestingu NPA er nú skýrt kveðið á um skyldu sveitarfélaga og notenda að virða ákvæði kjarasamninga við framkvæmd NPA og að greiðslur til NPA skuli taka mið af kjarasamningum NPA aðstoðarfólks. Þannig segir í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 38/2018 að umsýslaðili skuli sjá til þess að uppfyllt séu ákvæði kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og að sveitarfélög geti brugðist við verði misbrestur þar á. Í 9. gr. reglugerðar nr. 1250/2018 um NPA er svo enn frekar áréttar að notanda og umsýslaðila beri við ráðningu aðstoðarfólks að fara samkvæmt ákvæðum kjarasamninga sem gilda hverju sinni. Þá segir í d-lið 1. mgr. 12. og 13. gr. reglugerðarinnar að hlutverk umsýslaðila sé meðal annars að taka þátt í gerð og framkvæmd kjarasamninga vegna starfa aðstoðarfólks.

Í 16. gr. reglugerðarinnar segir svo að framlag sveitarfélaga til launakostnaðar í NPA skuli „*taka mið af kjörum aðstoðarfólks samkvæmt gildandi kjarasamningum hverju sinni.*“ Ljóst er að eini gildandi samningurinn sem kveður á um kjör NPA aðstoðarfólks er kjarasamningur NPA miðstöðvarinnar við Eflingu/SGS. Það er jafnframt eini kjarasamningurinn sem kveður á um hvíldarvaktir (sofandi vaktir). Við mat á því hvaða kjarasamnings skuli horfa til við ákvörðun framlagsins verður að skoða þá kjarasamninga sem NPA aðstoðarfólk getur átt aðild að. Augljóst er að löginn eru fyrst og fremst að horfa til kjarasamninga á „*almennum vinnumarkaði*“ og reglugerðin visar sérstaklega til hlutverks umsýslaðila og aðkomu hans að gerð kjarasamninga fyrir NPA aðstoðarfólk. Eðli málsins samkvæmt getur NPA aðstoðarfólk ekki átt aðild að kjarasamningi starfsmannafélaga sveitarfélaga eða annarra samninga sem ekki heyra undir störf þeirra og ber því ekki að horfa til þeirra við ákvörðun um framlag til launakostnaðar NPA aðstoðarfólks.

Þann 6. mars sl. birti NPA miðstöðin nýtt minnisblað um framlög til launakostnaðar í NPA, en minnisblaðið er meðfylgjandi bréfi þessu. Í minnisblaðinu eru raktir útreikningar miðstöðvarinnar á réttum jafnaðartaxta í NPA. Þar kemur fram að miða verði við kjarasamning NPA miðstöðvarinnar við Eflingu/SGS og að taka þurfi afstöðu til þess varðandi sólarhringssamninga hvort viðkomandi geti nýtt sér sofandi næturvaktir eða hvort gera þurfi ráð fyrir vakandi næturvöktum. Þá segir í minnisblaðinu:

„*Séu sveitarfélög ósammála framangreindum niðurstöðum eða telja forsendur hennar rangar óskar NPA miðstöðin eftir leiðréttigungum eða upplýsingum um réttan útreikning. Telji sveitarfélög sig af einhverjum ástæðum ekki þurfa að greiða framlög til launakostnaðar út frá kjarasamningi NPA miðstöðvarinnar við Eflingu/SGS óskast upplýst um ástæður þess og út frá hvaða kjarasamningi réttar sé að miða við. Í þeim tilfellum er óskað eftir að sveitarfélög leggi fram eigin útreikninga á réttu framlagi til NPA samninga ásamt rökstuðningi, sambærilegum þeim og finna má í minnisblaði þessu.*“

Með vísan til þess sem fram kemur í minnisblaðinu krefst NPA miðstöðin þess að þau sveitarfélög, sem ekki hafa gert það nú þegar, uppfæri og aðlagi framlag sitt til launakostnaðar í NPA til samræmis við útreikninga NPA miðstöðvarinnar. Samkvæmt minnisblaðinu verður jafnaðartaxti sólarhringssamninga að nema að lágmarki 4.151,63 kr. á þeim samningum þar sem unnt er að nýta hvíldarvaktir, en 4.559,32 kr. á þeim samningum þar sem þörf er á vakandi næturvöktnum.

2. Framlög til NPA samninga skulu greidd fyrirfram í upphafi hvers mánaðar

Á innleiðingartímabili NPA hefur nokkur misbrestur verið á að greiðslur berist til umsýsluaðila á réttum tíma. Sum sveitarfélög hafa greitt í upphafi hvers mánaðar, önnur eftir miðjan mánuðinn og enn önnur hafa greitt samningsfjárhæðina í lok mánaðarins. NPA miðstöðin hefur lagt ríka áherslu á að greiðslur til NPA samninga fari fram í upphafi hvers mánaðar. Greiðslur sem hafa borist seint hefur valdið því að tafir verða á útborgun launa, auk þess sem standa þarf straum af kostnaði vegna starfsmanna og umsýslu að jafnaði á sama tíma og til hans er stofnað.

Með nýrri reglugerð um NPA er afdráttarlaus áskilnaður um að sveitarfélög greiði framlög til NPA fyrirfram í upphafi hvers mánaðar, sbr. 3. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar. Þar segir:

„Umsýsluaðili tekur við mánaðarlegu fjárfram lagi frá því sveitarfélagi sem gerir einstaklingssamning um NPA vegna viðkomandi notanda. Fram lagið er til launakostnaðar, umsýslukostnaðar og starfsmannakostnaðar og skal greitt fyrirfram í upphafi hvers mánaðar.“

Í ljósi þessa krefst NPA miðstöðin þess að þau sveitarfélög sem ekki greiða framlög til NPA fyrirfram í upphafi hvers mánaðar, í samræmi við tilvitnað ákvæði 3. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar, breyti því verklagi þegar í stað og hagi greiðslum með þeim hætti sem áskilnaður er gerður um í reglugerðinni.

3. Viðbótarframlag vegna aðstoðarverkstjórnanda

Á innleiðingartímabili NPA hafa verið í gildi nokkrir NPA samningar hjá notendum sem ýmist vegna fötlunar sinnar eða ungs aldurs hafa ekki getað sinnt verkstjórninni sjálfir án aðstoðar. Í þeim tilvikum hafa notendur notið aðstoðar frá aðstandendum eða sérstökum aðstoðarmanni til þess að annast þá hluta verkstjórnarinnar sem notandinn er ekki fær um sjálfur. Reynsla notenda og umsýsluaðila á innleiðingartímabilinu hefur sýnt að vinnuframlag aðstandenda eða aðstoðarmanna sem gegna þessu hlutverki er oft á tíðum heilmikið, auk þess sem hlutverkið er vandasamt. Þannig þarf viðkomandi aðili að þekkja notandann vel og geta túlkað vilja hans. Þá er mikilvægt að þessi aðili tryggi aðkomu og áhrif notandans, enda gegnir viðkomandi aðili ekki verkstjórnarhlutverkinu fyrir notandann heldur aðstoðar notandann við verkstjórnina. Hefur þróunin því verið sú að notast er við heitið aðstoðarverkstjórnandi fyrir þá aðili sem gegna þessu hlutverki í NPA.

Vinnuframlag aðstoðarverkstjórnenda getur verið misjafnt milli notenda. Sumir notendur þurfa mikla aðstoð við verkstjórn, t.d. þeir sem eiga erfitt með að tjá vilja sinn, fólk með þroskaskerðingar og ung börn. Aðrir þurfa aðeins aðstoð við afmarkaða þætti verkstjórnarinnar eða stuðning. Í öllu falli er þetta viðbótarvinnuframlag sem leggst ofan á hefðbundna vinnu aðstoðarfólks.

Með lögfestingu á NPA er skýrt kveðið á um rétt einstaklinga til NPA sem ekki geta sinnt verkstjórninni sjálfir. Þeir einstaklingar skulu eiga rétt á aðstoð við verkstjórnina, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 38/2018. Í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar um NPA er svo tekið fram að meta skuli sérstaklega kostnað vegna vinnuframlags aðstoðarverkstjórnenda. Þá segir að kostnaður vegna aðstoðarverkstjórnanda skuli „vera sérstaklega skilgreindur og leggjast við þann heildarkostnað sem fyrr hefur verið reiknaður.“ Líkt og áður segir getur vinnuframlag aðstoðarverkstjórnenda verið misjafnlega mikið eftir aðstæðum hjá hverjum notanda fyrir sig. Í sumum tilfellum getur verið nauðsynlegt að aðstoðarverkstjórnandi sé faglærður eða hafi mikla reynslu sem nýttist honum í starfi. Því þarf að gera sérstaklega ráð fyrir

hlutverki aðstoðarverkstjórnanda í NPA samningi ásamt umfangi og eðli vinnu hans. Rétt er að halda því til haga að í komandi kjaraviðræðum og endurnýjun kjarasamninga þarf mögulega að gera sérstaklega ráð fyrir hlutverki aðstoðarverkstjórnanda með tilliti til launaflokkar.

NPA miðstöðin krefst þess að sveitarfélög leggi þegar í stað mat á það hvort notendur sem nú eru með NPA samninga þurfi sérstaka aðstoð við verkstjórn og hefjist þegar í stað handa við að meta eðli og umfang þeirrar vinnu hjá hverjum notanda fyrir sig, í samráði og samstarfi við viðkomandi einstakling. Þá verði framlag til launakostnaðar aukið sem nemur auknu vinnuframlagi vegna starfa aðstoðarverkstjórnanda.

4. Viðbótarframlag vegna langtímoveikinda

Fram til þessa hefur ekki verið gert ráð fyrir veikindum NPA aðstoðarfólks í framlagi til launakostnaðar í NPA samningum. Prátt fyrir það ber umsýsluaðilum, og þar með notendum, að sjálfsögðu að greiða aðstoðarfólk laun í veikindum samkvæmt ákvæðum kjarasamninga, sem umsýsluaðilum er skilt að fara eftir. Þetta hefur leitt til þess að NPA notendur þurfa að skera niður í þjónustuvið sig sem nemur veikindum aðstoðarfólks, er setur bæði notandann og aðstoðarfólk ið erfiða stöðu.

Á innleiðingartímabili NPA hafa sum sveitarfélög valið að gera sérstaklega upp veikindi gagnvart aðstoðarfólk, eftir á. Notandinn skilar þá inn upplýsingum um veikindi NPA aðstoðarfólks sérstaklega og sveitarfélagið greiðir viðbótarframlag vegna þess. Að mati NPA miðstöðvarinnar væri sílik leið skynsamleg. Að öðrum kosti þyrtu NPA samningar að fela í sér 2-3% viðbótarframlag til þess að standa undir kostnaði vegna veikinda. Brýnt er þó að sveitarfélög geri ráðstafanir til þess að notendur geti greitt aðstoðarfólk laun í veikindum en jafnframt notið aðstoðar í afleysingum á meðan.

Í 20. gr. reglugerðar um NPA er sérstaklega fjallað um kostnað vegna langtímoveikinda aðstoðarfólks. Þar segir að sveitarfélög skuli reikna til viðbótar 1% ofan á heildarsamningsfárhæðina sem lagt er inn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Jöfnunarsjóður sjái svo um að greiða úr sjóðnum, á grundvelli umsókna frá umsýsluaðilum, framlög til þess að standa straum af viðbótarútgjöldum vegna langtímoveikinda aðstoðarfólks. Langtímoveikindi eru ekki skilgreind sérstaklega, en ætla má að þau eigi aðeins við um tilfelli þar sem aðstoðarfólk er frá vinnu til lengri tíma. Eftir standa þá tilfallandi skemmri veikindi sem einnig þarf að gera ráð fyrir.

NPA miðstöðin krefst þess að sveitarfélög leggi þegar í stað 1% viðbótarálag ofan á alla NPA samninga sem lagt er inn í Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Miðstöðin krefst þess jafnframt að sveitarfélög myndi sér verklag í tengslum við tilfallandi veikindi hjá NPA aðstoðarfólk til að bregðast við skammtímoveikindum.

5. Viðbótarframlag vegna námskeiða aðstoðarfólks

Í nýrri reglugerð um NPA er gerð krafa um að notendur, umsýsluaðilar, aðstoðarverkstjórnendur og NPA aðstoðarfólk sitji sérstök námskeið er varða framkvæmd NPA og hugmyndafræðina um sjálfstætt líf. Bæði er um að ræða grunnnámskeið og framhaldsnámskeið og má ætla að hvort um sig verði um það bil 16 tímar að lengd.

Á meðan NPA aðstoðarfólk sækir sér fræðslu vegna NPA, rétt eins og aðrir starfsmenn á almennum vinnumarkaði sem þurfa að sækja námskeið vegna vinnu sinnar, ber umsýsluaðila að greiða þeim laun á meðan námi stendur. Aðstoðarfólk þiggur því laun á meðan námskeiðin standa yfir en eru þó, eðli málssins samkvæmt, ekki að aðstoða notendur á meðan. Til þess að mæta þeim viðbótarútgjöldum sem fylgja því að senda aðstoðarfólk á skyldunámskeið um NPA er sérstaklega gert ráð fyrir þessum kostnaði í NPA reglugerðinni. Þannig segir í 2. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar að „*kostnaður vegna greiðslu vinnustunda til aðstoðarfólks á meðan námi stendur skal vera hluti samkomulags sveitarfélags og*

notanda um vinnustundir." Sveitarfélög þurfa því að gera ráð fyrir þessum viðbótarkostnaði hjá öllum starfsmönnum sem koma til með að starfa hjá viðkomandi notanda. Hér verður að horfa til aðstæðna í hverju tilfelli fyrir sig, en sumir notendur nýta sér fjölda starfsmanna í hlutastörfum á meðan aðrir eru með starfsfólk í fullum störfum. Reglugerðin virðist ekki gera greinarmun á milli ólíkra starfshlutfalla hjá NPA aðstoðarfólk og ber því hverjum sem starfar sem NPA aðstoðarmaður að sitja umrædd námskeið, a.m.k. einu sinni.

Að mati NPA miðstöðvarinna væri skynsamlegast að hver og einn notandi skilaði inn gögnum vegna námskeiðasetu fyrir sitt aðstoðarfólk og að viðkomandi sveitarfélag greiði þá þann viðbótarkostnað eftir á í formi aukins fjölda vinnustunda þann mánuðinn. NPA miðstöðin krefst þess í öllu falli að allir NPA samningar feli í sér viðbótargreiðslur vegna vinnustunda NPA aðstoðarfólks á meðan það sækir umrædd skyldunámskeið.

Ósk um samstarf

Telji sveitarfélög sig af einhverjum ástæðum ekki þurfa að bera sig eftir þeim kröfum sem settar eru fram í bréfi þessu, telja forsendur þeirra rangar eða aðrar útfærslur réttari, óskar NPA miðstöðin eftir skýringum og rökstuðningi frá sveitarfélögum þar að lútandi, sambærilegan þeim sem finna má í bréfi þessu og meðfylgjandi minnisblaði um útreikning jafnaðarstundar á sólarhringssamningum. Þá er óskað eftir því að sveitarfélög leggi fram eigin gögn eða útreikninga, eftir atvikum, til stuðnings niðurstöðum sínum.

Að lokum viljum við hjá NPA miðstöðinni áréttu óskir okkar um að eiga gott samstarf við sveitarfélög um NPA framkvæmdina og allt það sem henni tengist. NPA miðstöðin og notendur hjá miðstöðinni hafa öðlast verulega reynslu af hinum ýmsu hliðum NPA, sem við viljum gjarnan miðla til og ræða við sveitarfélögini í landinu. Hér má til dæmis nefna álitamál er tengjast notkun á hvíldarvöktum og því vandasama vinnuréttarlega fyrirkomulagi sem þeim tengjast, útreikningi á framlögum til einstakra samninga, mati á þjónustubörf einstakra notenda, útfærslur vegna aðstoðarverkstjórnenda eða sérfraðikostnaðar o.s.frv.

Virðingarfallst,
fh. NPA miðstöðvarinna svf.,



Hjörtur Örn Eysteinsson
Framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:
Minnisblað NPA miðstöðvarinna um framlög sveitarfélaga til launakostnaðar í NPA

Samantekt kafna

NPA miðstöðin gerir þær kröfur til sveitarfélaga að þau tileinki sér og að lagi framkvæmd á NPA að ákvæðum laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og ákvæðum reglugerðar nr. 1250/2018 um notendastýrða persónulega aðstoð.

Með visan til alls framanritaðs er þess krafist að framkvæmd NPA verði aðlöguð með þeim hætti sem hér segir:

Kröfuliður:	Tilvísun:
Framlög til launakostnaðar í NPA verði reiknaður út frá þeim kjarasamningi sem NPA aðstoðarfólk þiggur laun, sbr. minnisblað NPA miðstöðvarinnar. Framlög til sólarhringssamninga með hvíldarvöktum verði að lágmarki að vera 4.151,63 kr. en að lágmarki 4.559,32 kr. á þeim sammingum þar sem þörf er á vakandi næturvöktum.	3. mgr. 11. gr. laga nr. 38/2018. 9. gr., d-liður 1. mgr. 12. gr., 13. gr. og 16. gr. reglugerðar nr. 1250/2018.
Framlög til NPA samninga verði greidd fyrirfram í upphafi hvers mánaðar.	3. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1250/2018.
Metið verði vinnuframlag aðstoðarverkstjórnanda í öllum þeim samningum, sem við eiga. Vinnustundafjöldi aðstoðarverkstjórnenda bætist við samkomulag um vinnustundir.	2. mgr. 11. gr. laga nr. 38/2018 og 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1250/2018.
Sveitarfélög leggi 1% ofan á hvern NPA samning sem leggst inn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna langtímoveikinda. Sveitarfélög myndi sér verklag um hvernig farið skuli með önnur skammtímoveikindi.	20. gr. reglugerðar nr. 1250/2018 og kjarasamningar á almennum vinnumarkaði.
Sveitarfélög bæti við viðbótarframlagi við NPA samninga vegna skyldunámskeiða aðstoðarfólks og aðstoðarverkstjórnenda.	2. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 1250/2018.



Minnisblað

Frá: NPA miðstöðinni svf. Tengiliður: Hjörður Örn Eysteinsson, frammvæmdastjóri
Efni: Framlög sveitarfélaga til launakostnaðar í NPA.
Til: Sveitarfélaga á Íslandi
Dags.: 6. mars 2019

I.

NPA miðstöðin hefur tekið saman minnisblað vegna framlags sveitarfélaga til launakostnaðar NPA samninga. NPA miðstöðin telur eðlilegt og brýnt að sveitarfélög endurskoði útreikninga sína á jafnaðartaxta NPA og hækki framlagið til samræmis við ákvæði kjarasamninga.

II.

NPA miðstöðin hefur um nokkurt skeið annast umsýslu með fjölda NPA samninga sem notendur hafa gert við sín löghheimilis sveitarfélög. Sveitarfélög greiða í dag mismunandi framlög til NPA samninga sem grundvallast á jafnaðartaxta sem hvert er eitt sveitarfélag hefur reiknað út frá eigin forsendum. Að jafnaði eru framlögini miðað við sólarhringssamninga þar sem gert er ráð fyrir sofandi hvíldarvöktum. Framlög sveitarfélaga til launakostnaðar eiga að endurspeglu raunkostnað launa miðað við þá vinnu og vinnutíma sem NPA aðstoðarfólk er ætlað að vinna. Framlaginu er því ætlað að standa undir kostnaði vegna launa og allra launatengda gjalda í blandaðri vaktavinnu hjá NPA aðstoðarfólk, p.e. í dagvinnu, kvöldvinnu, helgarvinnu og á stórhátiðum ásamt næturvöktum eða sofandi hvíldarvöktum, ef það á við.

Að undanförnum árum hefur NPA miðstöðin undirstrikað mikilvægi þess að framlög sveitarfélaga taki mið af raunverulegum kjarasamningi NPA aðstoðarfólk svo NPA notendur geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart því og jafnframt notið þeirrar aðstoðar sem það á rétt a skv. NPA samningi. Samkvæmt útreikningum NPA miðstöðvarinnar er umtalsvert misræmi milli þess taxta sem mörð sveitarfélög greiða samkvæmt og raunverulegs launakostnaðar samkvæmt þeim kjarasamningi sem laun og störf NPA aðstoðarfólk byggja á. Hér fyrir neðan gefur að líta launatöflu NPA aðstoðarfólk samkvæmt kjarasamningi NPA miðstöðvarinnar við Eflingu/SGS:

	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórh. k.	33% álag	55% álag	90% álag
Byrjunarlau	306.144	1.779,90	3.179,30	4.209,47	587,37	978,95	1.601,91
1. árs taxti	314.471	1.828,32	3.265,78	4.323,97	603,34	1.005,57	1.645,49
3. árs taxti	323.047	1.878,18	3.354,85	4.441,90	619,80	1.033,00	1.690,36
5. árs taxti	331.881	1.929,54	3.446,59	4.563,37	636,75	1.061,25	1.736,59

Kjarasamningurinn rann út um sl. áramót, líkt og aðrir kjarasamningar, en ofangreind tafla er gildandi launatafla NPA aðstoðarfólk. Samkvæmt kjarasamningnum á fólk í vaktavinnu einnig rétt á á lagi vegna þess að það á ekki rétt á sérstökum matar- eða kaffitíma. Álagið nefnist neysluhlíð og skal aðstoðarfólk greiddar 5 minútar á yfirvinnukupi fyrir hvern unninn klukkutíma. Jafnframt á fólk í vaktavinnu rétt á vetrarorlofi sem felur í sér 12 vetrarfríðaga miðað við ársstarf. NPA miðstöðin hefur fram til þessa, í stað þess að aðstoðarfólk taki vetrarorlof, greitt vetrarorlof út jafn óðum með launum, en það er 8 klst. í dagvinnu fyrir hvern frídag, sem nemur 4,65% álagi á dagvinnukaup.

Þá á NPA aðstoðarfólk rétt á orlofs- og desemberuppbót. Á árinu 2018 nam orlofsuppbótin 48.000 kr. fyrir fullt starf og desemberuppbótin nemur 89.000 kr., sem samtals nema því um 66,38 kr. fyrir hverja unna vinnustund.

Miðað við forsendur í kjarasamningi NPA aðstoðarfólks er unnt að reikna út laun og launatengd gjöld í öllum launabrepum, þ.e. byrjunarlaunaprep, 1. árs launataxta, 3. árs launataxta og 5. árs launataxta, fyrir dagvinnu, kvöldvinnu, helgar/næturvinnu og stórháttarálag. Í töflunni hér fyrir neðan gefur að líta yfirlit yfir kostnað launagreiðanda fyrir eina vinnustund í öllum brepum. Um er að ræða laun samkvæmt launatöflu, neysluhlé, vetrarorlof, desember- og orlofsuppbót, mótfamlag í lifeyrissjóð (gert ráð fyrir hækkun úr 10% í 11,5% sem gildir frá 1. júlí 2018), sjóðir í stéttarfélagi, tryggingagjald og orlof. Starfsmanna- og umsýslukostnaður er svo reiknaður af launakostnaði til þess að finna jafnaðarstund á viðkomandi launataxta.

Byrjunarlaun	Laun og launatengd gjöld	Starfsmanna-kostnaður (5%)	Umsýslu-kostnaður (10%)	Samtals NPA jafnaðarstund:
Dagvinna:	2.848,52	167,56	335,12	3.351,20
Kvöldvinna (33%):	3.617,99	212,82	425,65	4.256,46
Helgarvinna (55%):	4.130,97	243,00	486,00	4.859,96
Stórhátið (90%):	4.947,06	291,00	582,01	5.820,07

1. árs taxti	Laun og launatengd gjöld	Starfsmanna-kostnaður (5%)	Umsýslu-kostnaður (10%)	Samtals NPA jafnaðarstund:
Dagvinna:	2.923,64	171,98	343,96	3.439,58
Kvöldvinna (33%):	3.714,03	218,47	436,95	4.369,45
Helgarvinna (55%):	4.240,97	249,47	498,94	4.989,37
Stórhátið (90%):	5.079,28	298,78	597,56	5.975,62

3. árs taxti	Laun og launatengd gjöld	Starfsmanna-kostnaður (5%)	Umsýslu-kostnaður (10%)	Samtals NPA jafnaðarstund:
Dagvinna:	3.001,00	176,53	353,06	3.530,59
Kvöldvinna (33%):	3.812,96	224,29	448,58	4.485,83
Helgarvinna (55%):	4.354,26	256,13	512,27	5.122,66
Stórhátið (90%):	5.215,42	306,79	613,58	6.135,79

5. árs taxti	Laun og launatengd gjöld	Starfsmanna-kostnaður (5%)	Umsýslu-kostnaður (10%)	Samtals NPA jafnaðarstund:
Dagvinna:	3.080,69	181,22	362,43	3.624,34
Kvöldvinna (33%):	3.914,85	230,29	460,57	4.605,70
Helgarvinna (55%):	4.470,95	263,00	525,99	5.259,95
Stórhátið (90%):	5.355,67	315,04	630,08	6.300,79

Dálkurinn lengst til hægri í töflunni hér fyrir ofan endurspeglar þannig nákvæmlega þá fjárhæð sem framlag sveitarfélags þarf að vera til þess að standa undir kostnaði í NPA í viðkomandi launabrepum fyrir eina vinnustund, eftir mismunandi töxtum. NPA aðstoðarfólk raðast í launaflokka eftir starfsaldri og því þarf að ákvæða samsætingu starfshóps hjá dæmigerðum NPA notanda til þess að finna út jafnaðartaxta sem stendur undir réttum kostnaði í NPA.

Allir sem eru yfir 22 ára aldrí raðast í 1. árs launataxta skv. kjarasamningi. Ætla má því að flestir NPA aðstoðarmenn starfi í 1. árs launataxta. Þá hafa nokkrir aðstoðarmenn starfað innan greiharinna í þrjú eða fimm

ár og eru því í launaflokkum eftir 3. árs taxta og 5. árs taxta. Af dæmigerðum NPA notanda sem er með sjö NPA aðstoðarmenn má ætla að einn aðstoðarmaður sé í byrjunarlaunaþepi, fjórir aðstoðarmenn í 1. árs þepi, einn aðstoðarmaður í 3. árs þepi og einn í 5. árs þepi. Út frá þessum forsendum má finna vegna jafnaðarstund fyrir daginnu, kvöldvinnu, helgarvinnu og stórhátiðarálag, út frá töflunni að ofan.

	Dagvinna	Kvöldvinna (33%)	Helgarvinna (55%)	Stórhátið (90%)
Einn starfsmaður í byrjunarlaunaþepi	3.351,20	4.256,46	4.859,96	5.820,07
Fjórir starfsmenn í 1. árs þepi	3.439,58	4.369,45	4.989,37	5.975,62
Einn starfsmaður í 3. árs þepi	3.530,59	4.485,83	5.122,66	6.135,79
Einn starfsmaður í 5. árs þepi	3.624,34	4.605,70	5.259,95	6.300,79
Vegin jafnaðarstund:	3.466,35	4.403,68	5.028,58	6.022,73

Með því að skoða samsætingu daganna í meðal ári má komast nokkuð nálægt því að finna réttan jafnaðartaxta út frá veggini jafnaðarstund á dagvinnu, kvöldvinnu, helgarvinnu og stórhátið. Út frá gefnum forsendum má gera ráð fyrir að NPA notendur með sólarhringsaðstoð notist við sofandi næturvaktir, eða svo nefndar hvíldarvaktir, skv. bókun 1 við sérkjárasamning NPA miðstöðvarinnar við Eflingu/SGS. Í hefðbundnu ári eru 8.760 klukkustundir. Af þeim má ætla að 2.048 falli á skilgreindra dagvaktartíma samkvæmt kjarasamningi, 1.736 á kvöldvakt, 2.549 tímar falli á nætur/helgarvakt, 2.273 falli á hvíldarvakt (dagvinnutaxti) og 154 stundir falli á stórhátið. Í nætur/helgarvaktatexta er einnig tekið tillit til skilgreindra rauðra hátiðisdata:

	Tímar á ári	Vegin taxti	Samtals
Dagvakt	2.048	3.466	7.099.081
Kvöldvakt (33%)	1.736	4.404	7.644.797
Helgar/næturvakt (55%)	2.549	5.029	12.817.847
Hvíldarvakt	2.273	3.466	7.879.010
Stórhátið (90%)	154	6.023	927.501
Samtals upphæð á ári:	36.368.236		
Samtals upphæð á mánuði:	3.030.686		
Jafnaðartaxti:	4.151,63		

Samkvæmt framangreindu þarf sólarhrings NPA samningur að nema 3.030.686 kr. á mánuði, miðað við 730 klst. í mánuði, að lágmarki til þess að standa undir kostnaði notandans fyrir aðstoð allan sólarhringinn. Er hér miðað við að notandi geti nýtt sér hvíldarvaktatyrirkomulag. Eðilegan jafnaðartaxta í NPA má því skv. þessu áætla að sé 4.151,63 kr. Þarna er ekki tekið tillit til tilfallandi veikinda aðstoðarfólks og aukins kostnaðar vegna fræðslu og þjálfunar nýrra aðstoðarmanna. Þá er ekki tekið tillit hlautárs eða aukins launakostnaðar vegna mótfamlags launagreiðanda í launþegi ákvæðir að greiða í séreignarlífeyrissjóð.

Ef gengið er út frá því að notandi með þörf fyrir aðstoð allan sólarhringinn geti ekki nýtt sér hvíldarvaktir verður að taka út hvíldarvaktir í töflunni og bæta þeim tínum við helgar/næturvinnu. Fjöldi stórhátiðarástunda breytist einnig lítillega vegna stórhátiðarávnustunda sem falla til í stað hvíldarvaka á stórhátiðardögum. Þá lítur taflan svona út:

	Tímar á ári	Vegin taxti	Samtals
Dagvakt	2.048	3.466	7.099.081
Kvöldvakt (33%)	1.736	4.404	7.644.797
Helgar/næturvakt (55%)	4.822	5.029	24.247.806
Hvíldarvakt	0	3.466	0
Stórhátið (90%)	168	6.023	1.011.819
Samtals upphæð á ári:	40.003.503		
Samtals upphæð á mánuði:	3.333.625		
Jafnaðartaxti:	4.559,32		

Ef ekki er unnt að tryggja NPA aðstoðarfólkí þá hvild sem kveðið er á um í bókun 1 í kjarasamningnum verður sólarringssamningurinn að taka mið af því að notandinn verður að greiða fullt næturvinnaþlag á næturnar í stað dagvinnutaxta líkt og gengur með hvíldarvaktir. Þarf sólarringssamningur því að nema að lágmarki 3.333.625 kr. á mánuði og eðlilegur jafnaðartaxti sílakra samninga er 4.559,32 kr.

III.

Bann 1. október tóku gildi ný lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Löginn, sem kveða m.a. á um rétt fatlaðs fólks til NPA, gera þá kröfum að notendur og umsýsluðilar fari að ákvæðum íslensk vinnuréttar og kjarasamninga er varðar laun og önnur réttindi aðstoðarfólkis. Samhlíða gildistöku laganna hefur verið gefin út reglugerð nr. 1250/2018 um notendastýrða persónulega aðstoð en hún kveður námar á um framkvæmd NPA. I 16. gr. reglugerðarinnar er skýrt tekið fram að framlag sveitarfélags til launakostnaðar skuli „*taka mið af kjörum aðstoðarfólkis samkvæmt gildandi kjarasamningum hverju sinni.*“ I ljósi þessarar aðráttarlausa áskilnaðar reglugerðarinnar um að framlag til launakostnaðar skuli taka mið af kjarasamningum NPA aðstoðarfólkis verður að líta svo að sveitarfélögum beri að uppfæra framlög sín þannig að þau endurspeglí gildandi kjarasamninga.

Að mati NPA miðstöðvarinnar er á grundvelli þessa minnisblaðs unnt að reikna út nokkuð nákvæmlega framlag til hvers og eins NPA samnings út frá gildandi kjarasamningi, miðað við gefnar forsendur. Munurinn á jafnaðartaxta sveitarfélaga og jafnaðartaxta NPA miðstöðvarinnar út frá þessu minnisblaði er í mörgum tilfellum umtalsverður. I mörgum tilvikum verður jafnaðartaxtin að hækka um tugi þrósentustaða svo NPA notendur geti staðið við skuldbindingar sínar gagnwart aðstoðarfólkis sínu samkvæmt kjarasamningi og jafnframt notið þeirrar aðstoðar sem þeir eiga á rétt á samkvæmt NPA samningi með tilliti til fjölda vinnustunda.

IV.

Rétt er að áréttá að framangreindur útreikningur miðast við gildandi kjarasamning og gefnar forsendur fyrir árið 2018. NPA miðstöðin sendi sambærilegt minnisblað til annarra sveitarfélaga haustið og veturni 2018 þar sem útkoma jafnaðartaxta var 4.117,38 kr. miðað við sólarringssamning með hvíldarvakt út frá gildandi kjarasamningi. I þessu minnisblaði er hins vegar búið að leiðréttá samsetningu vinnustunda með því að taka tillit til fastra rauðra helgidaga skv. kjarasamningi sem falla á vikudaga. Útreikningarnir eru gerðir með fyrirvara um frekari leiðréttigar og fyrirhugaðar kjarasamningshækkanir sem munu koma fram á árinu 2019.

Þá er rétt að undirstrika það að umræddur útreikningur tekur ekki tillit til margvíslegra kjarasamningsbundinna þáttu sem laungreiðandi gæti burft að greiða, s.s. sértaks álags vegna útkalla á vakt þegar starfsmaður verður veikur, álags sem greitt er þegar breytu þarf vaktaskipulagi með litlum fyrirvara auk annarra þáttu sem nefndir hafa verið. Framangreindur útreikningur endurspeglar aðeins lágmarkskostnað NPA notanda þar sem enginn aðstoðarmaður sækir fræðslu eða þjálfun, verður veikur eða greiðir í séreignarsjóð og engar uppákomur verða sem kalla greiðslur vegna viðbótarálags.

V.

Séu sveitarfélög ósammála framangreindum niðurstöðum eða telja forsendur hennar rangar óskar NPA miðstöðin eftir leiðréttum eða upplýsingum um réttan útreikning. Telji sveitarfélög sig af einhverjum ástæðum ekki þurfa að greiða framlög til launakostnaðar út frá kjarasamningi NPA miðstöðvarinnar við Eflingu/SGS óskast upplýst um ástæður þess og út frá hváða kjarasamningi réttar sé að miða við. I þeim tilfellum er óskad eftir að sveitarfélög leggi fram eigin útreikninga á réttu framlagi til NPA samninga ásamt rökstuðningi, sambærilegum þeim og finna má í minnisblaði þessu.

NPA miðstöðin er reiðubúin að gera frekari grein fyrir þessum útreikningum á sérstökum fundi með fulltrúum sveitarfélaga sé bess óskad.

VI.

Að framangreindu virtu er farið þess á leit við sveitarfélög að þau endurskoði framlög sín til NPA samninga og uppfæri þau til samræmis við ákvæði kjarasamninga, með vísan til 16. gr. reglugerðar nr. 1250/2018 um notendastýrða persónulega aðstoð.

Miðað verði við útreikninga NPA miðstöðvarinnar á jafnaðartaxta út frá réttum kjarasamningi NPA aðstoðarfólks.

Jafnaðartaxtinn nemi að lágmarki 4.151,63 kr. miðað við sólarhringssamninga sem eiga kost á að nýta hvíldarvaktir. Heildarframlag til slíkra samninga verði 3.030.686 kr. á mánuði eftir breytinguna. Jafnaðartaxti sólarhringssamninga sem ekki geta nýtt hvíldarvaktir verði að lágmarki 4.559,32 kr. og heildarframlag til slíkra samninga verði 3.333.625 kr. á mánuði. Jafnaðartaxtinn felur í sér framlag til launakostnaðar (85%), framlag til starfsmannakostnaðar (5%) og framlag til umsýslukostnaðar (10%).

Breytingin taki gildi nú þegar, en framlagið þróast í samræmi við breytingar á kjarasamningum NPA aðstoðarfólks.